

*Ballasat*

*Málverkasýning*  

---

*að Kjarvalsstöðum*

Martí 17 - 26 (1980) Heiðarhlíð

*Baltasar*

*Málverkasýning*  

---

*að Kjarvalsstöðum*

*Marz 1. — 16. 1980 Reykjavík*

*The conditions of a solitary bird are five:  
The first, that it flies to the highest point,  
the second, that it does not suffer for company  
not even of its own kind,  
the third, that it aims its beak to the skies,  
the fourth, that it does not have a definite colour,  
the fifth, that it sings very softly.*

*— San Juan de la Cruz,  
Dichos de Luz y Amor.*

## Fákar.

EINAR BENEDIKTSSON

- Nr. 1 **I** morgunljómann er lagt af stað.  
Allt logar af dýrð, svo vítt sem er séð.  
Sléttan, hún opnast sem óskrifað blað,  
þar akur ei blettur, þar skyggir ei tréð.  
— Menn og hestar á hásumardegi  
í hóp á þráðbeinum, skínandi vegi  
með nesti við bogann og bikar með.  
Beta á dauðlegi heimurinn eigi.
- Nr. 2 **B** rúnirnar þyngjast. Þeir harðna á hvarm.  
Það hrökkva af augunum neista él.  
Riðullinn þýrpist með arm við arm.  
Það urgar í jöxlum við bitul og mál.  
Þeir stytta sporin. Þeir stappa hófum  
og strjúka tauma úr lófum og glófum.  
Höfuðin lyftast. Hin lifandi vél  
logar af fjöri undir sóðulsins þófum.
- Nr. 3 **N** ú hrifur eðlið hvern hlaupagamm.  
Hófblökin dynja fastar á vang.  
Sveitin, hún hljóðnar og hallast fram.  
Hringmakkar reisa sig upp í fang.  
Það hvín gegnum nasir og hreggsnarpar granir.  
Nú herðir og treystir á náranna þanir.  
Það þarf ekki að reyna gæðingsins gang,  
þeir grípa til stökksins með fjúkandi manir.
- Nr. 4 **Þ** að er stormur og frelsi í faxins hvin,  
sem fellir af brjóstinu dægursins ok.  
Jörðin, hún hlakkar af hófadyn.  
Sem hverfandi sorg er jóreyksins fok.  
Lognmóðan verður að fallandi fljóti,  
allt flýr að baki í hrapandi róti.  
Hvert spor er sem flug gegnum foss eða rok,  
sem slær funa í hjartað og neista úr grjóti.
- Nr. 5 **M** aður og hestur, þeir eru eitt,  
fyrir utan hinn skammsýna, markaða baug.  
Þar finnst, hvernig æðum alls fjörs er veitt  
úr farvegi einum, frá sömu taug.  
Þeir eru báðir með eilífum sálum,  
þó andann þeir lofi á tveimur málum,  
— og saman þeir teygja í loftsins laug  
lifdrykk af morgunsins gullroðnu skálum.
- Nr. 6 **H** esturinn, skaparans meistaramynd,  
er mátturinn, steyptur í hold og blóð, —  
sá sami, sem bærir vog og vind  
og vakir í listanna heilögu glóð.  
— Mundin, sem hvílir á meitli og skafti,  
mannsandans draumur í orðsins hafti,  
augans leit gegnum litanna sjóð,  
— allt er lífsins þrá eftir hreyfing og krafti.
- Nr. 7 **S** á drekkur hvern gleðinnar dropa í grunn,  
sem dansar á fákspori yfir grund.  
Í mansbarminn streymir sem aðfalls unn  
af afli hestsins og göfugu lund.  
Maðurinn einn er ei nema hálfur,  
með öðrum er hann meiri en hann sjálfur.  
Og knapinn á hestbaki er kóngur um stund,  
kórónulaus á hann ríki og álfur.
- Nr. 8 **E** f inni er þröngt, tak hnakk þinn og hest  
og hleyptu á burt undir loftsins þök.  
Hýstu aldrei þinn harm. Það er best.  
Að heiman, út, ef þú berst í vök.  
Það finnst ekki mein, sem ei breytist og bætist,  
ei böl, sem ei þaggast, ei lund, sem ei kætist  
við fjörgammsins stoltu og sterku tók.  
Lát hann stökkva, svo draumar þíns hjarta rætist.

*Öll verkin á sýningunni eru máluð á striga með blandaðri tækni*

## Kveðið við Pablo Neruda

ATAHUALPA YUPANQUI

Þrístæða

- Nr. 9 **P**ablo vor, þú sem ert í Chile, þeyrinn af hæð-  
Nr. 10 um, kuðungsraustin forna. Nú þökkum vér,  
Nr. 11 þitt orð var til vor kveðið, þau boð er svölur flytja  
hverju fleyi og grein af grein — með hljómi til  
þagnar. Ástir vor manna endurtaka ljóðin. Í  
Ameríku, í hverri dýflissu hennar er drengur, hann  
man þau. — Pablo vor, þú sem ert í Chile. Þar  
standa fjöllin vörð — þig dreymir, risi — þar  
geymir jurtin þig og bergið harða við hjarta lands-  
ins, lamadýr á hæðum, hið megna salt og fuglar  
himins, haf.
- Nr. 12 **V**ið skulum ekki hafa hátt  
hér er margt að ugga,  
Ég hef heyrt í alla nátt  
andardrátt á glugga.
- Nr. 13 „Angels fly because they take them-  
selves lightly.“ Cocteau.
- Nr. 14 Þú.
- Nr. 15 Ótult embætti.
- Nr. 16 „Það sem keisarans er . . . “
- Nr. 17 Kaldbakur.
- Nr. 18 Veldi sem var.
- Nr. 19 Herðisarvík.
- Nr. 20 Gáski.
- Nr. 21 Á fótinn.
- Nr. 22 Rýkur úr spori.
- Nr. 23 Ragnar H. Ragnar.
- Nr. 24 Einu sinni átti ég hest.
- Nr. 25 Viðeyjarsund.
- Nr. 26 Kenningum hafnað.
- Nr. 27 Enn að gera sjóklárt.
- Nr. 28 Innan ramma.
- Nr. 29 Tveir heimar.
- Nr. 30 Út á Granda.
- Nr. 31 Frá Höfninni.
- Nr. 32 Día.
- Nr. 33 Rebekka Rán.
- Nr. 34 Maestro Jean Pierre Jacquillat.
- Nr. 35 Dans I.
- Nr. 36 Dans II.
- Nr. 37 Auður Bjarnadóttir.
- Nr. 38 Vinir.
- Nr. 39 Sakharov ! ! !
- Nr. 40 Þegar ernirnir fljúga verða hænurnar  
hræddar.
- Nr. 41 104° F.
- Nr. 42 Margrét Zophoniusardóttir

Verkin eru unnin á tímabilinu 1978-80.